

3.apríl 2025

Viðtakandi: Páll Marvin Jónsson, Ölfus Cluster

Sendandi: Garðar Þorfinnsson, Hreinn Óskarsson og Trausti Jóhannsson


Efni: Landgræðslu og skógræktaraðgerðir í Þorlákshöfn 2023 og 2024

Þorláksskógar er samstarfsverkefni Sveitarfélagsins Ölfus og Lands og Skógar, áður Landgræðslan og Skógræktin. Verkefnið hófst formlega árið 2016. Eftirfarandi eru upplýsingar um framkvæmdir og kostnað þeirra fyrir árin 2023 og 2024.

Uppgræðsla

Síðastliðin tvö ár hefur annars vegar verið lögð áhersla á að bera tilbúin áburð á trjáplöntur til að tryggja þeim sem ákjósanlegust vaxtarskilyrði. Hins vegar hefur tilbúnum áburði verið dreift á rýrt land, þar sem er mikið af lausum sandi, með það að markmiði að stöðva hreyfingu sandsins og gera landið um leið ákjósanlegra fyrir gróðursetningu trjáplantan. Mesta áherslan hefur verið á landsvæðið vestan við gamla veg upp Hafnarsand en á árunum 2023 og 2024 var tilbúnum áburði dreift á um 440 ha. Einnig hefur tilbúnum áburði verið dreift á Kambinn, austan við Þorlákshöfn, er það gert til að minnka líkur á, að sá sandur sem berst yfir Kambinn fjúki í átt að bænum og golfvellinum. Samtals var borinn tilbúinn áburður á um 24 ha við Kambinn árin 2023 og 2024.

Vorið 2024 var kjötmjöli dreift á um 43 ha á móts við sandnámu í landi Hrauns í átt að Óseyrarbrú, markmið þeirrar dreifingar var að styrkja gróður, þar sem hann var farin að láta á sjá. Áburðardreifingu áranna 2023 og 2024 má sjá á meðfylgjandi korti.



Gróðursetning trjáa

Gróðursettar voru 166.710 trjáplöntur og græðlingar á árunum 2023 og 2024, sjá mynd að neðan. Mest var gróðursett af sjálfbóðaliðum og íþróttahópum sem gróðursettu í fjáröflunarskyni. Áhersla var lögð á að gróðursetja í svæði sem hafa verið grædd upp með lúpínu og/eða grassáningum og áburðargjöf. Í sumum reitum var tegundum blandað en það kemur ekki fram á kortmyndinni hvaða reitir það eru.

